

Sigrún Unnsteinsdóttir



Sæl/Sæll

Ég bíð mig fram til stjórnarsetu í FEB á næsta aðalfundi.

Er fædd 1957. Ólst upp í Garðahreppi (síðar Garðabæ). Hef öll mín fullorðinsár búið og starfað í Reykjavík. Hef aðallega starfað í eigin rekstri, en líka sem launþegi. Hef alltaf haft gaman af félagsstörfum og tekið þátt í hinum ýmsu félögum. Er ábyrg, hraust, virk og reglusöm.

Með vinsemd og virðingu.

Sigrún Unnsteinsdóttir kt. 220457-4009

Faney Sigurbjörg Jóhannsdóttir



Faney Sigurbjörg Jóhannsdóttir heiti ég og er fædd og uppalinn í Neskaupstað til nítján ára aldurs. Fæðingardagur minn er 6. apríl 1956 þannig að ég nálgast óðfluga 70. ára afmælisdaginn .

Ég er gift og þriggja barna móðir og amma margra barnabarna, mikið rík kona .

Sem ung stúlka starfaði ég ýmislegt fyrir austan á mínum yngri árum , passaði börn- vann í fiski- verslunum og skrifstofu . Nítján ára tók ævintýraþráin yfir og fór ég til Reykjavíkur og leigði mér íbúð og fór að vinna hjá Landsbanka Íslands síðan Kreditkortum fyrirtæki ET og núna er ég hætt að vinna .

Ég hef setið í FEB í eitt ár sem varamaður og bíð mig aftur til starfa . Það kom mér mikið á óvart það mikla og góða starf sem þarna fer fram.

Ástæða þess að ég bíð mig aftur fram til trúnaðarstarfa hjá FEB í Reykjavík og nágrennis er sú að mig langar að leyfa félaginu að nýta krafta mína til að taka þátt í því frábæra starfi sem á sér stað þar.

Einnig er mér ofarlega í huga að við þurfum að berjast fyrir betri kjörum fyrir eldri borgara.

Ég er mikil félagsvera og hef mjög gaman að taka þátt í félagsstörfum.

Auk þess eru helstu áhugamál mín – göngutúrar-lestur góðra bóka -hitta skemmtilegt fólk – ferðast um landið okkar og erlendis .

Hef ég þetta ekki lengar en ef þið viljið frekari upplýsinar þá endilega hafið samband við mig .

GSM 6920212 og fsj0604@hotmail.com

Með kveðju frá mér til ykkar.

Guðrún Ósk Jakobsdóttir



Kæru félagar í FEB.

Ég undirritið, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, formaður fimmleikadeildar Fylkis, gef kost á mér til setu í stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík. Ég er búin að vera í stjórninni í tvö ár og setið sem varaformaður. Ég er fædd og uppalin í Reykjavík árið 1963 og hefur búið þar allar götur síðan, nánar tiltekið í Árbænum. Ég er gift Heiðari Bjarnasyni, glerisetningarmanni og smiði, en við eigum saman þrjú uppkomin börn og þrjú barnabörn. Ég hefur viðamikla reynslu að lýðheilsumálum eldra fólks.

Ég hef undanfarið þróað sérstaka stöðvaþjálfun eldra fólks og ýtti úr vör námskeiðinu „Betri borgarar“ sem hefur notið gríðarlegra vinsælda meðal eldra fólks í Reykjavík, en nú er svo komið að um 230 þátttakendur mæta í hreyfingu þrisvar sinnum í viku í Fylkisselið í Norðlingaholti. Verkefnið, snýst um leikfimi fyrir eldra fólk, 65 ára og eldri, undir leiðsögn þjálfara. En eftir hreyfistundina er boðið upp á kaffi þar sem hægt er að ræða það sem helst er í deiglu hverju sinni.

Yfirmarkmið námskeiðsins er tvíþætt: Annars vegar að gera eldra fólk kleift, með styrktaræfingum, að búa lengur heima hjá sér en ella og hins vegar að rjúfa félagslega einangrun þessa hóps, sem oft vill verða þegar fólk lýkur starfsferli sínum.

Nái ég kjöri mun ég leggja áherslu á lýðheilsu og námskeið þeim tengdum - enda vaxandi áskoranir fram undan, bæði er varðar andlega- og líkamlega heilsu, vegna ört stækkandi hóps eldri borgara.

Þá vil ég koma á frístundastyrkjum til handa eldra fólk og hef nú þegar viðrað þær hugmyndir við ráðmenn, bæði hjá Reykjavíkurborg og á landsvísu. Bæði Mosfellsbær og Hafnarfjörður hafa riðið á vaðið í þeirri viðleitni að styrkja hreyfingu eldra fólks en ég tel brýnt að hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu feti í fótspor þeirra.

Ég hef ég setið í stjórn Fylkis í 32 ár, fyrst í knattspyrnudeild Fylkis og síðar í fimmleikadeildinni. Þá hef ég setið í stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) síðastliðin 13 ár og sit þar enn. Jafnframt hef ég viðamikla reynslu úr atvinnulífinu en ég rak fyrirtækið Glermenn ehf. ásamt eiginmanni mínum í 30 ár, sem við seldum nú nýverið.

Ég brenn fyrir málefnum eldra fólks og vil láta gott af mér leiða í þeim efnum. Ég óska eftir ykkar stuðningi á aðalfundur félagsins hinn 25. febrúar nk.

Hörður Hilmarsson



FIÖLSKYLDA Giftur Ritu Lúkasdóttur. Þrjár dætur, f. 1980-94. 6 barnabörn, eins árs til 14.

Af hverju býð ég mig fram til stjórnar FEB?

Eftir að ég hætti að vinna 1. jan. 2025 hef ég verið að líta í kringum mig eftir verkefnum þar sem ég get orðið að liði. Ég tel að ég geti gagnast FEB á ýmsum sviðum, t.d. vegna reynslu minnar og þekkingar á ferðalögum alls konar hópa, bæði innan lands og utan. Ég er lausnamiðaður, finnst gott að hafa plan B reiðubúið ef/þegar á þarf að halda. Ég þyki tala og skrifa ágæta íslensku og ensku, tala sænsku reiprennandi og dönsku þegar vel liggur á mér. Ég hef mikinn áhuga á að leggja mitt af mörkum í baráttunni fyrir bættum kjörum eldri borgara. Þar er verk að vinna.

Nám

Kennarapróf 1972

Fjöldi námskeiða í kennslu, þjálfun, stjórnun, auk verkefna á vegum Íslandsstofu og Ferðamálastofu.

Starfsferill

Grunnskólakennari í 10 ár, m.a. deildarstjóri í íslensku.

Atvinnumaður í knattspyrnu með AIK í Svíþjóð.

Framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Vals.

Íþróttþjálfari í 10 ár.

Ferðaþjónusta í 38 ár, 1986-2025, þar af 25 ár sem eigandi og framkvæmdastjóri ÍT ferða – IT Travel.

Félagsstörf

Í stjórn Skólafélags Kennaraskólans ... formaður íþróttanefndar.

Stjórn knattspyrnudeildar Vals.

Ferðaskrifstofunefnd SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar.

Fulltrúaráð Knattspyrnufélagsins Vals.

Áhugamál

Íþróttir, tónlist, bækur, kvikmyndir, fjölskyldan og samvera með góðu og/eða skemmtilegu fólki.

897-8202

hoerdur@itferdir.is

Jóhann Gunnar Ásgrímsson



Mínar áherslur

Ég býð mig fram til stjórnarstarfa hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík (FEB), þar sem ég hef áhuga á að leggja mitt af mörkum þegar kemur að húsnæðismálum eldri borgara, með *sérstakri* áherslu á málefni leigufélaga sem falla undir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS). Þar er ýmislegt sem mætti skoða. Aðalatriðið er að hefjast handa.

Félagsmenn FEB hafa oft samband við félagið og spyrja um húsnæðismál. Með þá vitneskju í huga er ég tilbúinn að leggja fram mína reynslu og tengslanet til að styrkja FEB í að sinna þessum mikilvæga málaflokki. Jafnframt er mikilvægt að byggja á og virkja uppsafnaða reynslu félagsmanna á þessum vettvangi.

Í ljósi reynslunnar er ljóst að ekki ráðlegt að FEB komi að fjármögnun, byggingu eða rekstri fasteigna. Það er verkefni fagaðila. Engu að síður er mikilvægt að félagið standi vörð um hagsmunum félagsmanna í þessum málaflokki. Þar tel ég að mína reynsla geti nýst.

Aðeins um mig

Ég er fæddur í Reykjavík árið 1952. Ég er kvæntur Herdís Alfreðsdóttur hjúkrunarfræðingi og á 4 börn og 7 barnabörn.

Ég er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1979 er með Cand. Oecon. gráður í fjármálum og markaðsmálum. Hef auk þess sótt endurmenntun og námskeið, heima og erlendis, á þeim sviðum sem ég hef starfað á í gegnum tíðina.

Ég hef starfað bæði hér heima og erlendis, m.a. í Kanada og Englandi. Svo hef ég verið stundakennari við Háskóla Íslands þar sem ég kenndi áhættugreiningu við endurskoðun í tölvuumhverfum.

Reykjavík, 16. febrúar 2026

Með góðri kveðju,
Jóhann G. Ásgrímsson
johann.asgrimsson@gmail.com
gsm 618-5085

Jónas Ragnar Halldórsson



Sæl/l. Rvk. 14. 2. 2026.

Ég undirritaður hef starfað mest allan starfsferil minn sem Antik og listmunasali. Í því fólst margt eins og verðmat búslóða fyrir einka og opinbera aðila og tryggingafélög vegna tjóna og svika mála. Oft er um viðkvæm mál að ræða sem krefjast samhygðar og þagmælsku. Einnig aðstoð við listageirann, svo sem uppsetningar sýninga, auglýsinga og kvikmyndagerðar. Svona mætti lengi telja en allt þetta felur í sér samskipti við fólk. Lengi vel starfaði ég sem sölumaður fyrir heildverslun. Fyrstu sölufurðina mína fór ég innanbæjar, fótgangandi, þar sem ég var ekki kominn með bílpróf. Um tíma sá ég einnig um innkaup erlendis.

Að sjálfsögðu var ýmislegt reynt á yngri árum, unnið í fiski fyrir vestan og svo framvegis.

Persónulegur ferill minn og áhugamál síðastliðin 32 ár hafa að mestu snúist í kringum kirkjustörf. Þau hafa verið frá því að sópa gólf upp í stjórnarformennsku, sem enn og ný snýst um samstarf og gefandi þjónustu.

Því tel ég mig hafa erindi í stjórn FEB.

Virðingarfyllst,

Jónas Ragnar Halldórsson,
Antik og listmunasali.

JRH/jrh.

Kristján Guðmundsson



Reykjavík, 4. febrúar 2026

Ég er frá Bolungarvík, fæddur á Ísafirði 1958. Ég útskrifaðist stúdent úr MA árið 1978 (eðlisfræðideild), Háskóla Íslands 1983 (Viðskipta- og hagfræðideild, Þjóðhagfræðikjarna) og MBA frá Rotterdam School of Management 1994 (1992-1994; RSM tilheyrir Erasmus háskólanum í Rotterdam). Ég starfaði hjá KLM flugfélaginu á stefnumótunarsviði milli skólaáraárið 1993.

Í þrjá áratugi (1994-2023) sinnti ég fjölbreyttum störfum í Landsbankanum og dótturfyrirtæki bankans, Landsbréfum. Forstöðumaður hjá Landsbréfum 1994-1999, forstöðumaður markaðssviðs Landsbankans 1999-2004, útibússtjóri 2004-2012 og forstöðumaður á fjármálasviði Landsbankans 2012-2023. Ég hef auk þess reynslu af ráðgjafarstörfum, námskeiðahaldi og kennslu á háskólastigi. Áður en ég fór til náms í Hollandi starfaði ég hjá Landssambandi iðnaðarmanna (1985-1992) forvera Samtaka iðnaðarins, sem þá voru samtök atvinnurekenda í löggiltum iðngreinum.

Samhliða vinnu hef ég í mörg ár lagt ýmsu sjálfboðastarfi lið, t.d. innan Þjóðkirkjunnar. Ég var í sóknarnefnd Áskirkju í 13 ár, þar af formaður í 8 ár. Í stjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) frá 2013 og í framkvæmdastjórn KGRP (varaformaðurframkvæmdastjórnar) frá 2018. Í stjórn Héraðssjóðs Reykjavíkurprófastdæmis Vestra 2016-2024.

Ég hef lagt áherslu á að sækja mér þekkingu á ýmsum sviðum í gegnum tíðina. Nýlegast í þeim efnum er að ég útskrifaðist sem sáttamiðlari úr Sáttamiðlaraskólanum í nóvember 2023 og hef sótt námskeið í ritlist hjá Sunnu Dís Másdóttur á árunum 2024 og 2025 (yfirstandandi). Veturinn 2021-2022 sótti ég námskeið í heimspeki við Háskóla Íslands.

Ég er kvæntur Helgu Þórðardóttur, félagsráðgjafa og fjölskyldufræðingi fyrrum kennslustjóra í meistaranámi í fjölskyldufræðum. Við eigum 5 börn.

Ég hef áhuga á samfélagsmálum, stjórnámum, sögu og mannlífni í öllum sínum fjölbreytileika. Lífsviðhorf mín grundvallast á því að gott samfélag skuli byggja á jöfnuði og samhjálpi. Ég er af sumum talinn forfallinn golfari og finnst fátt skemmtilegra en að stunda þá göfugu íþrótt.

Ég vil með framboði mínu til stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík sýna í verki áhuga minna að láta gott af mér leiða í hagsmunabaráttu eldri borgara. Ég tel að reynsla mín geti komið að notum. Ég var kosinn í stjórn FEB til eins árs á aðalfundi 2025.

Virðingarfyllst, Kristján Guðmundsson